

## REGLUGERÐ

### um kröfur um tíðnibil í talsamskiptum milli loftfara og stöðva á jörðu niðri í samevrópska loftrýminu.

1. gr.

*Markmið.*

Markmið þessarar reglugerðar er að kveða á um kröfur um tíðnibil í talsamskiptum milli loftfara og stöðva á jörðu niðri í samevrópska loftrýminu.

2. gr.

*Gildissvið.*

Með reglugerðinni er mælt fyrir um samræmda innleiðingu á talfjarskiptum milli loftfara og stöðva á jörðu niðri sem byggja á 8,33 kHz rásabreidd.

3. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð (EB) nr. 1265/2007 um kröfur um tíðnibil í talsamskiptum milli loftfara og stöðva á jörðu niðri í samevrópska loftrýminu, frá 26. október 2007 með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, samkvæmt ákvörðun sam-eiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2008, frá 14. mars 2008, birt í EES-viðbæti nr. 42, bls. 15.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 75. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 6. nóvember 2008.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1265/2007**

frá 26. október 2007

**um kröfur um rásabreidd talrása milli loftfara og stöðva á jörðu niðri í samevrópska loftrýminu**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 3. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Aukning á flugumferð innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (EATMN) hefur kallað á aukna afkastagetu í rekstrarstjórnun flugumferðar. Þetta hefur leitt til eftirspurnar á umbótum í rekstri, s.s. endurskipulagningu undirsvæða loftrýmis, sem aftur hefur leitt til eftirspurnar á viðbótarúthlutun metrabylgju.
- 2) Sökum erfiðleika við að verða við eftirspurn eftir úthlutun metrabylgju á tíðnisviði farstöðvaþjónustunnar fyrir flug á 117,975 – 137 MHz, og að teknu tilliti til takmarkana við aukningu á úthlutuðu tíðnisviði og/eða endurmotkunar á tíðni, ákvað Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) að minnka rásabreidd úr 25 kHz í 8,33 kHz.
- 3) Í framhaldi af ákvörðunum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem teknar voru 1994 og 1995, var í október 1999 innleidd 8,33 kHz rásabreidd í loftrými yfir fluglagi 245 á Evrópusvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO EUR). Í fyrstu framfylgdu sjö ríki skyldubundinni notkun þessa þráðlausa búnaðar með möguleika á 8,33 kHz rásabreidd í loftfarinu og síðan í október 2002 hafa 23 önnur ríki framfylgt skyldubundinni notkun.

- 4) Í samræmi við áætlaða aukningu á eftirspurn eftir úthlutun metrabylgju ákvað Alþjóðaflugmálastofnunin árið 2002 að hefjast handa við innleiðingu 8,33 kHz rásabreiddar í loftrými undir fluglagi 245 og fór fram á það við Evrópustofnunina um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) að hún stjórnaði framkvæmdinni. Því næst mælti fastanefnd Evrópustofnunarinnar um öryggi flugleiðsögu með því frá 15. mars 2007 að hafist yrði handa við framkvæmd 8,33 kHz rásabreiddar yfir fluglagi 195 á Evrópusvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 5) Búist er við að umferð haldi áfram að aukast á næstu árum sem felur í sér frekari eftirspurn eftir viðbótarúthlutun metrabylgju. Því ber að líta á framkvæmd á 8,33 kHz rásabreidd yfir fluglagi 195 eingöngu sem fyrsta skrefið sem þarf að endurskoða vegna hugsanlegrar aukningar, þegar þar að kemur, á grundvelli viðeigandi mats á áhrifum er varða rekstur og öryggi svo og á efnahagslegum áhrifum.
- 6) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur fengið umboð, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, til að þróa kröfur um samræmda innleiðingu talfjarskipta milli loftfara og stöðva á jörðu niðri sem byggjast á hinn stytta rásabreidd 8,33 kHz. Reglugerð þessi er byggð á skýrslunni sem gefin var út í því sambandi 12. október 2006.
- 7) Til að tryggja rekstrarsamhæfi talfjarskiptakerfa á jörðu niðri og í lofti með 8,33 kHz rásabreidd þurfa þau að vera í samræmi við sameiginlegar lágmarkskröfur um afköst.
- 8) Samræmd beiting sérstakra verklagsreglna innan loftrýmis í samevrópska loftrýminu er mikilvæg til að ná fram rekstrarsamhæfi og samfelldum rekstri.
- 9) Upplýsingar um hvort loftfar hefur möguleika á 8,33 kHz rásabreidd skulu fylgja með flugáætluninni, unnið skal úr þeim og þær sendar milli flugstjórnardeilda.
- 10) Þessi reglugerð skal ekki taka til hernaðaraðgerða og herþjálfunarflugs eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

<sup>(1)</sup> Stjótið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.<sup>(2)</sup> Stjótið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

- 11) Aðildarríkin hafa, með almennri yfirlýsingu um hernaðarleg málefni, í tengslum við samevrópska loftrýmið<sup>(1)</sup>, lýst því yfir að þau vinni saman að því að sjá til þess að allir notendur loftrýmis innan aðildarríkjanna beiti hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis að fullu og með samræmdum hætti, að teknu tilliti til þarfa heraflla í hverju ríki fyrir sig. Í því skyni skal koma í framkvæmd talfjarskiptum milli loftfara og stöðva á jörðu niðri á hinni stytta 8,33 kHz rásbreidd hjá öllum notendum loftrýmisins.
- 12) Afgreiðsla ríkisloftfars, sem flýgur í tengslum við almenna flugumferð sem hefur ekki möguleika á 8,33 kHz rásbreidd, getur leitt til aukins vinnuálags í flugumferðarstjórn og haft skaðleg áhrif á afköst og öryggisstig evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar. Til þess að draga sem mest úr þessum áhrifum skal eins hátt hlutfall ríkisloftfara og mögulegt er, vera búin þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd.
- 13) Ríkisloftför til flutninga eru stærsti flokkur ríkisloftfara sem fljúga í tengslum við almenna flugumferð í loftrýminu sem þessi reglugerð gildir um. Því skal það vera forgangsráði að tryggja að slík ríkisloftför séu búin þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd.
- 14) Tæknilegar eða fjárhagslegar takmarkanir geta hindrað aðildarríkin í að búa til tekna flokka ríkisloftfara með þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd. Í slíkum tilvikum skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það.
- 15) Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu koma á fót áætlan sem fjallar um afgreiðslu ríkisloftfars sem ekki er hægt að búa með þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd, til að viðhalda öryggisstigi.
- 16) Með það í huga að viðhalda eða hækka fyrirliggjandi öryggisstig rekstursins skal þess krafist af öllum aðildarríkjunum að þau tryggi að hlutaðeigandi aðilar framkvæmi öryggismat, þ.m.t. hættugreining, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu. Samræmd framkvæmd þessara ferla fyrir þau kerfi, sem falla undir þessa reglugerð, krefst þess að sértækar öryggiskröfur séu ákvarðaðar sem gilda um allar kröfur um rekstrarsamhæfi og afköst.
- 17) Í samræmi við d-lið 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004 skal í framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi lýsa sértækum aðferðum við samræmismat, sem nota skal til að meta samræmi eða hentugleika kerfishlutanna, sem og til sannprófunar á kerfum.
- 18) Markaður fyrir kerfishluta, sem reglugerðin á við um, hefur náð þeim þroska að unnt er að meta, á fullnægjandi hátt með innra framleiðslueftirliti, samræmi eða nothæfi kerfishlutanna með þeim aðferðum sem byggja á aðferðareiningu A í viðaukanum við ákvörðun ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu<sup>(2)</sup>.
- 19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

## Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmda innleiðingu á talfjarskiptum milli loftfara og stöðva á jörðu niðri sem byggjast á 8,33 kHz rásbreidd.

2. Þessi reglugerð gildir um talfjarskiptakerfi milli loftfara og stöðva á jörðu niðri sem byggjast á 8,33 kHz rásbreidd innan tíðnisviðs flugfjarstöðvaþjónustunnar á 117,975-137 MHz, hluta þeirra og tilheyrandi verklagsreglur og fluggagnavinnslukerfi sem þjóna flugstjórnardeildum, sem veita þjónustu fyrir almenna flugumferð, hluta þeirra og tilheyrandi verklagsreglur.

3. Þessi reglugerð gildir um öll flug sem starfrækt eru í tengslum við almenna flugumferð yfir fluglagi 195 innan Evrópusvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar þar sem aðildarríkin eru ábyrg fyrir veitingu flugumferðarþjónustu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004<sup>(3)</sup>, að undanskilinni 4. gr. sem skal einnig gilda undir fluglagi 195.

4. Innan ramma fyrstu málsgreinar 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 730/2006<sup>(4)</sup>, geta aðildarríkin gefið út undanþágur frá reglunum um búnað loftfars sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð fyrir flug sem starfrækt er samkvæmt sjónflugreglum.

(1) Stjóð. ESB L 220, 30.8.1993, bls. 23.

(2) Stjóð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

(3) Stjóð. ESB L 128, 16.5.2006, bls. 3.

(4) Stjóð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 9.

2. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í reglugerð (EB) nr. 549/2004.

Eftirfarandi skilgreiningar skulu jafnframt gilda:

1. „8,33 kHz rásbreidd“: 8,33 kHz bil milli aðliggjandi rása,
2. „rás“: kennimerki með tölustöfum sem notað er samhliða stillingu á talfjarskiptabúnaði sem gefur kost á ótvíræðu auðkenni viðeigandi tíðnisviðs þráðlausra fjarskipta og rásabreidd,
3. „flugstjórnardeild“: ýmist flugstjórarmiðstöð, aðflugsstjórnunardeild eða flugturn,
4. „flugstjórarmiðstöð“: deild sem var stofnuð til að veita stjórnun flugi flugstjórnarþjónustu á því flugstjórnavæði sem hún ber ábyrgð á,
5. „flug samkvæmt sjónflugsreglum“: hvers kyns flug samkvæmt sjónflugsreglum eins og þær eru skilgreindar í 2. viðauka <sup>(1)</sup> við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug frá 1944,
6. „úthlutun metrabylgju“: úthlutun tíðni metrabylgju til flugþjónustu í þeim tilgangi að starfrækja talfjarskiptabúnað,
7. „kerfi með hliðraðri burðartíðni (offset-carrier system)“: kerfi sem er notað við þær aðstæður þar sem ekki er hægt að tryggja drægi fyrir talstöðvafjarskipti með einu sendi-/viðtæki til þess að lágmarka truflanavandamál og er þá merkjunum hliðrað frá aðalburðartíðninni,
8. „úthlutað þjónustuvæði“: loftrými þar sem ákveðin þjónusta er veitt og þar sem þjónustunni er veitt ákveðin vernd,
9. „flugrekandi“: einstaklingur, stofnun eða fyrirtæki sem stundar eða býðst til að annast rekstur loftfara,

10. „vinnustöð“: húsbúnaður og tæknibúnaður þar sem starfsfólk flugumferðarþjónustunnar vinnur þau verkefni sem tengjast starfi þess,

11. „þráðlaus talfjarskipti“: tegund þráðlausra fjarskipta sem ætluð eru til upplýsingaskipta í formi tals,

12. „samstarfssamningur“: samkomulag milli tveggja aðliggjandi flugstjórnardeilda þar sem tilgreint er hvernig samræming vegna ábyrgðar hlutaðeigandi flugstjórnardeilda eigi að fara fram,

13. „samþætt kerfi til úrvinnslu upphaflegra flugáætlanana“: kerfi innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem veitir, innan loftrýmishins sem fellur undir þessa reglugerð, miðstýrða flugáætlavinnslu- og dreifingarþjónustu sem sér um viðtöku, fullgildingu og dreifingu flugáætlanana,

14. „rikisloftfar“: öll loftför sem notuð eru fyrir her, toll og lögreglu,

15. „rikisloftför til flutninga“: vængjuð ríkisloftför sem eru hönnuð með flutning fólks og/eða farms í huga.

3. gr.

**Kröfur um rekstrarsamhæfi og afköst**

1. Með fyrirvara um 5. gr., skulu flugrekendur sjá til þess að eigi síðar en 15. mars 2008 séu loftför þeirra búin þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásabreidd.

2. Til viðbótar við möguleika á 8,33 kHz rásabreidd skal vera hægt að stilla búnaðinn, sem vísað er til í 1. mgr., á rásir með 25 kHz rásabreidd og starfa í umhverfi sem notast við tíðnisvið hliðraðrar burðartíðni.

3. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu sjá til þess að eigi síðar en 3. júlí 2008 verði öllum úthlutunum á talmetrabylgju breytt í 8,33 kHz rásabreidd fyrir undirsvæði sem hafa neðri mörk sem eru í eða yfir fluglagi 195.

(<sup>1</sup>) 10. útgáfa — júlí 2005 — www.icao.int

4. Ákvæði 3. gr. gilda ekki að því er varðar undirsvæði þar sem 25 kHz kerfi með hliðræri burðartíðni er notað í flugi,

5. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að veitendum flugleiðsöguþjónustu sé tilkynnt um viðeigandi úthlutun metrabylgju.

6. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu hrinda í framkvæmd úthlutun metrabylgju sem um getur í 5. mgr. Ef, í undantekningartilvikum, ekki er gerlegt að fara að 3. mgr. skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um ástæður þess.

7. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu sjá til þess að talfjarskiptakerfi þeirra með 8,33 kHz rásabreidd séu í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, eins og þeir eru tilgreindir í 1. hluta I. viðauka.

8. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu sjá til þess að með talfjarskiptakerfum þeirra með 8,33 kHz rásabreidd sé hægt að starfrækja fullnægjandi talfjarskipti milli flugumferðarstjóra og flugmanna innan úthlutaðs þjónustusvæðis.

9. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu sjá til þess að afköst kerfishlutans sendi-/viðtæki á jörðu niðri sem settir eru upp innan 8,33 kHz talfjarskiptakerfisins samræmist stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tilgreindir eru í 1. lið I. viðauka með tilliti til stöðugleika tíðnisviðsins, breytinga, næmi, skilvirki viðtökubandbreidd og bylgjunæmi aðliggjandi rása.

10. Flugrekendur skulu sjá til þess að afköst 8,33 kHz talfjarskiptakerfa, sem sett eru um borð í loftför þeirra með beitingu 1. mgr., sé í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tilgreindir eru í 2. lið I. viðauka.

11. Skjal Evrópusamtaka um búnað í almenningsflugi (Eurocae), sem tilgreint er í 3. lið I. viðauka, skal teljast fullnægjandi úrræði til að uppfylla kröfur, með tilliti til tíðnistöðugleika, mótunar, næmni, raunverulegrar viðtökubandbreiddar og krafna um grannrásardeyfingu í tengslum við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tilgreindir eru í 2. lið I. viðauka.

12. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu koma í framkvæmd eftirfarandi ferlum fyrir tilkynningu og upphafssamræmingu í fluggagnavinnslukerfum sínum í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1032/2006<sup>(1)</sup>:

a) upplýsingar um möguleikann á 8,33 kHz rásabreidd í flugi skulu sendar milli flugstjórnardeilda,

b) upplýsingar um möguleikann á 8,33 kHz rásabreidd í flugi skulu gerðar aðgengilegar á viðeigandi vinnustöð,

c) eftirlitsmaður skal geta breytt upplýsingum um möguleikann á 8,33 kHz rásabreidd flugs.

4. gr.

#### Tilheyrandi verklagsreglur

1. Veitendur flugleiðsöguþjónustu og flugrekendur skulu sjá til þess að allir sex tölustafir kennimerkis með tölustöfum séu notaðir til að auðkenna sendirásina í þráðlausum talfjarskiptum á metrabylgju nema þegar fimmti og sjötti tölustafurinn eru báðir núll en þá skal einungis nota fyrstu fjóra tölustafina.

2. Veitendur flugleiðsöguþjónustu og flugrekendur skulu sjá til þess að verklagsreglur þeirra við talfjarskipti milli loftfara og stöðva á jörðu niðri séu í samræmi við ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tilgreind eru í 4. lið I. viðauka.

3. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu sjá til þess að verklagsreglur sem eiga við um loftfar sem búið er þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásabreidd og loftför sem eru ekki búin slíkum búnaði séu tilgreind í samstarfssamningum milli flugstjórnarmistöðva.

4. Flugrekendur, sem starfrækja flug sem vísað er til í 3. mgr. 1. gr. yfir fluglagi 195 og fulltrúar þeirra, skulu sjá til þess að til viðbótar við bókstafinn S og/eða alla aðra bókstafi, þar sem við á, sé bókstafnum Y bætt við í 10. lið flugáætlunar fyrir loftfar sem búið er þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleikanum á 8,33 kHz rásabreidd, eða að vísinn STS/EXM833 sé tilgreindur í 18. lið fyrir loftfar sem ekki er búið búnaðinum en hefur verið veitt undanþága frá skyldubundinni notkun hans. Að því er varðar loftfar, sem undir venjulegum kringumstæðum er hægt að starfrækja í fluglagi yfir 195 og er búið þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásabreidd en sem ætlunin er að fljúgi undir þessu fluglagi, skal setja bókstafinn Y í 10. lið flugáætlunarinnar.

5. Ef breyting verður á möguleikanum á 8,33 kHz rásabreidd í flugi, skulu flugrekendur eða fulltrúar þeirra senda skilaboð um breytingar til samþætta kerfisins til úrvinnslu upphaflegra flugáætlaða þar sem viðeigandi tilvísun er bætt inn í viðkomandi lið.

6. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlaða vinni úr og dreifi upplýsingum um möguleikann á 8,33 kHz rásabreidd sem er að finna í flugáætluninni.

(<sup>1</sup>) Stjótið. ESB L 186, 7.7.2006, bls. 27.

5. gr.

**Ríkisloftför**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ríkisloftför til flutninga séu búin þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd eigi síðar en 3. júlí 2008.

2. Með fyrirvara um landsbundna málsmeðferð vegna miðlunar upplýsinga um ríkisloftför skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 3. janúar 2008, skrána yfir ríkisloftför til flutninga sem verða ekki búin þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd í samræmi við 1. mgr. sökum þess:

- a) að starfrækslu þeirra verður hætt eigi síðar en 31. desember 2010,
- b) að settar verða takmarkanir á innkaup.

Ef takmarkanir, sem settar verða á innkaup, koma í veg fyrir að farið sé að 1. mgr. skulu aðildarríkin einnig tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 3. janúar 2008, hvaða dag viðkomandi loftfar verður búíð þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd. Sá dagur skal vera eigi síðar en 31. desember 2012.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ríkisloftför til flutninga séu búin þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd eigi síðar en 31. desember 2009.

4. Með fyrirvara um landsbundna málsmeðferð vegna miðlunar upplýsinga um ríkisloftför skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 30. júní 2009, skrána yfir ríkisloftför sem ekki eru til flutninga og sem verða ekki búin þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd í samræmi við 3. mgr. sökum þess:

- a) að settar verða knýjandi, takmarkanir af tæknilegum eða fjárhagslegum toga,
- b) að starfrækslu þeirra verður hætt eigi síðar en 31. desember 2010,
- c) að settar verða takmarkanir á innkaup.

Þar sem takmarkanir á innkaup koma í veg fyrir að farið sé að 3. mgr. skulu aðildarríkin einnig tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 30. júní 2009, hvaða dag viðkomandi loftfar verður búíð þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd. Sá dagur skal vera eigi síðar en 31. desember 2015.

5. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu sjá til þess að þeir geti tekið á móti ríkisloftförum sem ekki eru búin þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd, að því tilskildu að hægt sé að afgreiða þau á öruggan hátt innan hámarksrýmis kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar með úthlutun á UHF tíðnisviðinu eða 25 kHz metrabylgju.

6. Aðildarríkin skulu birta verklagsreglurnar fyrir afgreiðslu ríkisloftfara sem ekki eru búin þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd í flugupplýsingahandbókum í hverju landi.

7. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu árlega senda áætlanir sínar um meðhöndlun ríkisloftfara, sem ekki eru búin þráðlausum fjarskiptabúnaði með möguleika á 8,33 kHz rásbreidd, til aðildarríkisins sem hefur tilnefnt þá, með tilliti til hámarksrýmis sem tengt er verklagsreglunum sem vísað er til í 6. mgr.

6. gr.

**Öryggiskröfur**

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hlutaðeigandi aðilar framkvæmi öryggismat, þ.m.t. hættugreining, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu, áður en gerðar eru breytingar á núverandi kerfum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., og áður en ný kerfi eru tekin í notkun.

Við öryggismatið skal a.m.k. taka tillit til þeirra öryggiskrafna sem tiltekna eru í II. viðauka.

7. gr.

**Samræmi eða nothæfi kerfishluta**

1. Áður en EB-yfirlýsing um samræmi eða nothæfi, sem um getur í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004, er gefin út skulu framleiðendur kerfishluta þeirra kerfa, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., meta samræmi eða nothæfi þessara kerfishluta í samræmi við kröfunar í A-hluta III. viðauka við þessa reglugerð, sbr. þó 2. mgr.

2. Líta skal á vottunarferli fyrir lofthæfivottorð sem samræmist reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002<sup>(1)</sup>, þegar því er beitt á kerfishluta um borð í loftförum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., sem viðunandi verklagsreglur vegna samræmismats á þessum hlutum ef þeir sýna fram á að farið sé að kröfunum um rekstrarsamhæfi, frammistöðu og öryggiskröfur þessarar reglugerðar.

(<sup>1</sup>) Stjóð. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

8. gr.

**Sannprófun á kerfum**

1. Veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem geta eða hafa sýnt fram á, að þeir uppfylli þau skilyrði sem fram koma í IV. viðauka, skulu sannprófa kerfin, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., í samræmi við kröfurnar í C-hluta III. viðauka.

2. Veitendur flugleiðsöguþjónustu sem geta ekki sýnt fram á að þeir uppfylli skilyrðin í IV. viðauka skulu semja við tilkynntan aðila um að sannprófa kerfin sem um getur í 2. mgr. 1. gr. Þessi sannprófun skal framkvæmd í samræmi við kröfurnar í D-hluta III. viðauka.

9. gr.

**Viðbótarkröfur**

1. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu sjá til þess að öllu tengdu starfsfólki verði kynntar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og að það fái fullnægjandi hjálfun til að gegna starfi sínu.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsfólki samþætta kerfisins til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana, sem tengist gerð flugáætlana, verði kynntar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, á tilhlýðilegan hátt og að það fái fullnægjandi hjálfun til að gegna starfi sínu.

3. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu:

- a) þróa og viðhalda flugrekstrarhandbókum sem innihalda nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar til að gera öllu tengdu starfsfólki kleift að beita þessari reglugerð,
- b) tryggja að handbækurnar, sem um getur í a-lið, séu aðgengilegar og uppfærðar og að uppfærslu og dreifingu þeirra sé stýrt á viðeigandi hátt að því er varðar gæði og gagnautfærslu,

c) tryggja að vinnuaðferðirnar og verklagsreglurnar séu í samræmi við þessa reglugerð.

4. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að miðstýrða flugáætlavinnslu- og dreifingarþjónustan:

- a) þróa og viðhalda flugrekstrarhandbókum sem innihalda nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar til að gera öllu tengdu starfsliði kleift að beita þessari reglugerð,
- b) tryggi að handbækurnar, sem um getur í a-lið, séu aðgengilegar og uppfærðar og að uppfærslu og dreifingu þeirra sé stýrt á viðeigandi hátt að því er varðar gæði og gagnautfærslu,
- c) tryggi að vinnuaðferðirnar og verklagsreglurnar séu í samræmi við þessa reglugerð.

5. Flugrekendur, sem tilgreindir eru í 1. mgr. 3. gr., skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsfólki, sem notar þráðlausan fjarskiptabúnað, sé kynnt þessi reglugerð, að það hljóti fullnægjandi hjálfun til að nota þennan búnað og að leiðbeiningar séu aðgengilegar í stjórnklefa, ef því verður við komið.

6. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samræmi við þessa reglugerð, þ.m.t. birting viðeigandi upplýsinga í flugupplýsingahandbókum í hverju landi fyrir sig.

10. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*

## I. VIDAUKI

## Staðlar og ákvæði sem um getur í 3. og 4. gr.

1. 2. kafli „“ (Farstöðvaþjónusta fyrir flug), liður 2.1 „Air-ground VHF communication system characteristics“ (Eiginleikar fjarskiptakerfa milli loftfara og stöðva á jörðu niðri) og liður 2.2 „System characteristics of the ground installations“ (Eiginleikar kerfa vegna búnaðar á jörðu niðri) úr 2. hluta III. bindis 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, (1. útgáfa, júlí 1995 með breytingu nr. 80).
  2. 2. kafli „Aeronautical Mobile Service“ (Farstöðvaþjónusta fyrir flug), liður 2.1 „Air-ground VHF communication system characteristics“ (Eiginleikar fjarskiptakerfa milli loftfara og stöðva á jörðu niðri), liður 2.3.1 „Transmitting function“ (Hlutverk sendinga) og liður 2.3.2 „Receiving function“ (Hlutverk viðtöku) þó ekki undirliður 2.3.2.8 „VDL — Interference Immunity Performance“ (Stafræn tenging metrabylgju (VDL) — Afköst með tilliti til ónæmis fyrir truflunum) úr 2. hluta III. bindis 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (1. útgáfa júlí 1995 með breytingu nr. 80).
  3. Eurocae Minimum Operational Performance Specification for Airborne VHF Receiver-Transmitter operating in the frequency range 117,975-137,000 MHz (Kröfur um lágmarksafköst í starfrækslu frá Evrópusamtökunum um búnað í almenningsflugi (Eurocae) fyrir viðtöku-/senditæki metrabylgju í lofti sem starfrækt er á tíðnisviðinu 117,975-137,000,MHz), skjal ED-23B, breyting nr. 3, desember 1997.
  4. Liður 12.3.1.4 „8,33 kHz channel spacing“ (8,33 kHz rásabreidd) úr PANS-ATM skjali 4444 (14. útg., 2001 með breytingu nr. 4) Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
-



## II. VIÐAUKI

## Öryggiskröfurnar sem um getur í 6. gr.

1. Kröfurnar um rekstrarsamhæfi og afköst, sem tilgreindar eru í 1. og 12. mgr. 3. gr., skulu teljast öryggiskröfur.
2. Kröfurnar um tilheyrandi verklagsreglur, sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. 4. gr., skulu teljast öryggiskröfur.
3. Kröfurnar um ríkisloftför, sem tilgreindar eru í 1., 3., 5. og 7. mgr. 5. gr., skulu teljast öryggiskröfur.
4. Kröfurnar sem styðja samræmi, sem tilgreindar eru í 1., 3., 5. og 6. mgr. 9. gr., skulu teljast öryggiskröfur.
5. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu sjá til þess að notendaskil fyrir flugumferðarstjóra til að birta metrabylgjurásir séu í samræmi við verklagsreglur fyrir þráðlaus talhfarskipti á metrabylgju.
6. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu meta áhrif loftfara, sem eru að lækka flug og eru ekki búin þráðlausum fjarskiptabúnaði, með möguleika á 8,33 kHz rásabreidd undir fluglagi 195, að teknu tilliti til þátta eins og lágmarksöryggisflughæðar fyrir yfirflug og ákvarða hvort breytinga sé þörf á rúmtaki undirsvæðis flugs eða hönnun/skipulagi loftrýmis.
7. Aðildarríkin skulu sjá til þess að breytingunni úr 25 kHz í 8,33 kHz sé gefið reynslutímabil að lágmarki fjórar vikur og á því tímabili skal rekstraröryggi sannprófað, áður en af samræmingu verður í COM2-töflunni í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7754.
8. Aðildarríkin skulu sjá til þess að breytingin úr 25 kHz í 8,33 kHz sé gerð með tilliti til skilyrða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir tíðniskipulag eins og þeim sem lýst er í II. hluta, „VHF Air-Ground Communications Frequency Assignment Planning Criteria“ (Skilyrði fyrir tíðniskipulag vegna úthlutunar metrabylgju fyrir fjarskipti milli loftfara og stöðva á jörðu niðri) í EUR Frequency Management Manual (EUR-handbókinni um tíðnistjórnun), EUR-skjal Alþjóðaflugmálastjórnarinnar nr. 011 (2005).

## III. VIÐAUKI

## A-HLUTI

**KRÖFUR VEGNA MATS Á SAMRÆMI EÐA NOTHÆFI KERFISHLUTA SEM UM GETUR Í 7. GR.**

1. Í sannprófuninni skal sýna fram á að kerfishlutarnir uppfylli nothæfiskröfur þessarar reglugerðar eða nothæfi þeirra meðan þeir eru starfræktir í prófunarumhverfi.
2. Beiting framleiðanda á aðferðareiningunni, sem lýst er í B-hluta, skal teljast viðeigandi samræmistat til að tryggja og lýsa yfir samræmi milli kerfishlutanna. Einnig má nota jafngildar eða strangari aðferðir.

## B-HLUTI

**ADFERÐAREINING FYRIR INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLIT**

1. Í þessari aðferðareiningu er lýst með hvaða aðferð framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu, sem framkvæmir þær skyldur sem mælt er fyrir um í 2. lið, tryggir og lýsir því yfir að kerfishlutarnir, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu verða að gera skriflega yfirlýsingu um samræmi eða nothæfi í samræmi við 3. lið III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 552/2004.
2. Framleiðandi skal útbúa þau tæknigögn, sem lýst er í 4. lið, og hann, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu, skal geyma þau í a.m.k. 10 ár eftir að síðustu kerfishlutarnir eru framleiddir þannig að viðkomandi eftirlitsyfirvöld í hverju landi fyrir sig geti skoðað þau og einnig veitendur flugleiðsöguþjónustu sem fella inn þessa hluta í sín kerfi. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu skal tilkynna aðildarríkjunum hvar og hvernig hægt er að gera áður nefnd tækniskjöl aðgengileg.
3. Ef framleiðandi er ekki með staðfestu í Bandalaginu skal hann tilnefna aðila sem kemur kerfishlutunum á markað í Bandalaginu. Þessi aðili eða aðilar skulu tilkynna aðildarríkjunum hvar og hvernig hægt er að gera tækniskjöl aðgengileg.
4. Tæknigögnin skulu gera kleift að meta samræmi kerfishlutanna við kröfur þessarar reglugerðar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem það er viðeigandi fyrir slíkt mat, ná til hönnunar, framleiðslu og rekstrar kerfishlutanna.
5. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins skal varðveita afrit af samræmisyfirlýsingunni eða yfirlýsingu um nothæfi ásamt tæknigögnunum.

## C-HLUTI

**KRÖFUR FYRIR SANNSPRÓFUN KERFA SEM UM GETUR Í 1. MGR. 8. GR.**

1. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr., skal sýna fram á að þessi kerfi séu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar um rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi í matsumhverfi sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi þessara kerfa. Einkum og sér í lagi:
  - að sannprófun kerfa fyrir fjarskipti milli loftfara og stöðva á jörðu niðri skuli sýna fram á að 8,33 kHz rásbreidd sé í notkun við talfjarskipti á metrabylgju milli loftfara og stöðva á jörðu niðri í samræmi við 3. mgr. 3. gr. og að afköst talfjarskiptakerfisins með 8,33 kHz rásbreidd sé í samræmi við 7. mgr. 3. gr.,
  - að sannprófun kerfa fyrir fluggagnavinnslu skal sýna fram á að virkni sé með þeim hætti sem lýst er í 12. mgr. 3. gr.
2. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr., skal fara fram í samræmi við viðeigandi og viðurkenndar prófunaraðferðir.
3. Prófunartækin fyrir sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr. skulu hafa viðeigandi virkni.

4. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr., skal hafa í för með sér að tækniskjalið innihaldi þætti, sem krafist er í 3. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 552/2004 ásamt eftirfarandi:
  - lýsingu á framkvæmd,
  - skýrslu um skoðanir og prófanir sem búið var að framkvæma áður en kerfið var tekið í notkun.
5. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal sjá um sannprófunarstörfin og einkum:
  - ákvarða viðeigandi rekstrarumhverfi og tæknilegt matsumhverfi sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi,
  - staðfesta að prófunaráætlunin lýsi samþættingu kerfa, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr., í rekstrarlegu- og tæknilegu matsumhverfi,
  - staðfesta að prófunaráætlunin nái yfir allar kröfur þessarar reglugerðar um viðeigandi rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi,
  - tryggja samræmi milli tæknigagnanna og prófunaráætlunarinnar og gæði þeirra,
  - skipuleggja fyrirkomulag prófunarinnar og starfsmannaúrræði í tengslum við hana ásamt uppsetningu og útfærslu prófunarverkvangsins,
  - annast skoðanir og prófanir eins og tilgreint er í prófunaráætluninni,
  - skrifa skýrslu þar sem niðurstöður skoðana og prófana eru settar fram.
6. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal sjá til þess að kerfin, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr. sem starfrækt eru í rekstrarmatsumhverfi uppfylli kröfur þessarar reglugerðar um rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi.
7. Þegar sannprófun á samræmi er lokið á fullnægjandi hátt skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu útbúa EB-yfirlýsingu um sannprófun kerfa og leggja hana fyrir eftirlitsyfirvald í hverju landi fyrir sig ásamt tækniskjölum skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004.

## D-HLUTI

**KRÖFUR FYRIR SANNPÓFUN KERFA SEM UM GETUR Í 2. MGR. 8. GR.**

1. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr., skal sýna fram á að þessi kerfi séu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar um rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi í matsumhverfi sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi þessara kerfa. Einkum og sér í lagi:
  - að sannprófun kerfa fyrir fjarskipti milli loftfara og stöðva á jörðu niðri skuli sýna fram á að 8,33 kHz rásabreidd sé í notkun við talfjarskipti á metrabylgju milli loftfara og stöðva á jörðu niðri í samræmi við 3. mgr. 3. gr. og að afköst talfjarskiptakerfisins með 8,33 kHz rásabreidd sé í samræmi við 7. mgr. 3. gr.,
  - að sannprófun kerfa fyrir fluggagnavinnslu skuli sýna fram á að virknin sé með þeim hætti sem lýst er í 12. mgr. 3. gr.
2. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr., skal fara fram í samræmi við viðeigandi og viðurkenndar prófunaraðferðir.
3. Prófunartækin fyrir sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr. skulu hafa viðeigandi virkni.

4. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr., skal hafa í för með sér að tækniskjalið innihaldi þætti, sem krafist er í 3. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 552/2004 ásamt eftirfarandi:
  - lýsingu á framkvæmd,
  - skýrslu um skoðanir og prófanir sem búið var að framkvæma áður en kerfið var tekið í notkun.
5. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal ákvarða viðeigandi rekstrarumhverfi og tæknilegt matsumhverfi sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi og skal láta tilkynntan aðila sjá um sannprófunarstörfin.
6. Tilkynntur aðili skal sjá um sannprófunarstörfin og einkum:
  - staðfesta að prófunaráætlunin lýsi samþættingu kerfa, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr., í rekstrarlegu- og tæknilegu matsumhverfi,
  - staðfesta að prófunaráætlunin nái yfir allar kröfur þessarar reglugerðar um viðeigandi rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi,
  - tryggja samræmi milli tæknigagnanna og prófunaráætlunarinnar og gæði þeirra,
  - skipuleggja fyrirkomulag prófunarinnar og starfsmannaúrræði í tengslum við hana ásamt uppsetningu og útfærslu prófunarverkvangsins,
  - annast skoðanir og prófanir eins og tilgreint er í prófunaráætluninni,
  - skrifa skýrslu þar sem niðurstöður skoðana og prófana eru settar fram.
7. Tilkynnti aðilinn skal sjá til þess að kerfin, sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr. og sem starfrækt eru í rekstrarlegu matsumhverfi, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar um rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi.
8. Þegar sannprófunarverkefnum er lokið á fullnægjandi hátt skal tilkynntur aðili gefa út samræmisvottorð í tengslum við þau verkefni sem hann framkvæmdi.
9. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal síðan útbúa EB-yfirlýsingu um sannprófun kerfa og leggja hana fyrir eftirlitsyfirvald í hverju landi fyrir sig, ásamt tækniskjólum, eins og krafist er í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004.

*IV. VIÐAUKI*

**Skilyrði sem um getur í 8. gr.**

1. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að nota skýrslugjafaraðferðir innan fyrirtækisins sem tryggja og sýna fram á óhlutdrægni og sjálfstætt mat í tengslum við sannprófunarstörfin.
2. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, annist skoðanir í hvívetna af tæknilegri færni og faglegri ráðvæðni og sé óháð öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þess eða niðurstöður skoðana, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem niðurstöður skoðana hafa áhrif á.
3. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, hafi aðgang að þeim búnaði sem gerir því kleift að framkvæma nauðsynlegar skoðanir.
4. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, hafi trausta tækni- og starfsþjálfun, næga þekkingu á þeim kröfum, sem gerðar eru við skoðanir sem það framkvæmir, næga reynslu af slíkum aðgerðum og tilskilda kunnáttu í að útbúa yfirlýsingar, skrár og skýrslur til að sýna fram á að þessar sannprófanir hafi farið fram.
5. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, geti framkvæmt skoðanir af óhlutdrægni. Laun þess mega hvorki vera háð fjölda skoðana, sem framkvæmdar eru, né niðurstöðum þeirra.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2008